

Fundargerð

241. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 14. júní 2018 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar, Skúli Björnsson, Páll Breiðfjörð Pálsson verðandi framkvæmdastjóri og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzon.

Dagskrá:

1. Greinargerð um matsskyldu
2. Tillaga að breyttri framkvæmdaáætlun 2018
3. Samningar við landeigendur
4. Starfslok Guðmundar Davíðssonar
5. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Greinargerð um matsskyldu

Lögð fram Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu dags. 12.06.2018 vegna HREINSUN FRÁRENNSLIS Á EGILSSTÖÐUM OG Í FELLABÆ unnið af Verkfræðistofunni EFLU.

Tillaga borin upp um að skýrslan verði send til Umhverfis- og framkvæmdanefndar, samþykkt með 4 atkvæðum en einn var á móti (SB).

(SB) gerir athugasemdir við ákveðin atriði í skýrslunni varðandi skilgreiningu viðtaka og áætlaðar magntölur um áætlaða hreinsun.

2. Tillaga að breyttri framkvæmdaáætlun 2018

Lögð fram kostnaðaráætlun um útrás fráveitulagna meðfram Eyvindará upp á kr. 63,6 milljónir og lögð fram kostnaðaráætlun VÖK – Iðjusel upp á kr. 72,1 milljón.

Fram er lögð tillaga um breytingar á framkvæmdaáætlun að fara af stað með og klára verkið VÖK – Iðjusel áætlaður kostnaður 72,1 milljónir, á móti verði frestað áætluðu verki við útrás fráveitu meðfram Eyvindará til næsta árs en þó verði kláraður allur undirbúningur á þessu ári. **Samþykkt samhljóða**



Lögð fram tillaga um kaup á hreinsibrunni (hreinsivirkistöð) til að hreinsa fráveitu frá flugvallarsvæðinu. Kostar rúmar 3 milljónir niður komið. **Samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki HAUST.**

3. Samningar við landeigendur

Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt að málinu verði vísað til nýrrar stjórnar.

4. Starfslok Guðmundar Davíðssonar

Samþykkt tillaga um samkomulag um yfirfærslu þekkingu og starfslok Guðmundar næstu tvo til þrjá mánuði. Páli og lögmanni falið að láta útbúa samkomulag til að loka málinu sem stjórn staðfestir.

5. Önnur mál

- a) Fram eru lögð drög að verksamningum við ÍSOR, annars vegar um vinnslueftirlit 2018 til 2020 og hins vegar forðamat 2018 á vinnslusvæði hitaveitu HEF ehf., samtals að upphæð kr 6,2 milljónir. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum um þessi verkefni.
- b) Sigríður spurði um flutningi á starfsemi Iðjuselsins yfir í lager og verkstæði HEF ehf.
- c) Sigríður spurði um Innviðagreiningu Fljótsdalshéraðs, framkvæmdastjóri upplýsti að hún væri tilbúin og verður kynnt stjórn bráðlega.
- d) Gunnar spurði um leigumál Vatnajökulspjóðgarðs, engar fréttir enn sem komið er.
- e) Gunnar Jónsson þakkaði Guðmundi Davíðssyni fyrir mikil og góð störf fyrir Hitaveituna þar sem útlit er á að þetta sé síðasti stjórnarfundur sem hann situr.
- f) Þakkir á báða bóga.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:05.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson